

Ed.

585. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum um bjargráðasjóð Íslands, nr. 45, 10. nóv. 1913.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. Nd. og fer fram á þá breytingu á bjargráðasjóðslögunum, að lána megi fóðurbirgðafjelögum og öðrum löggiltum fjc-

lögum eða stofnunum, er hafa það eitt að markmiði að koma í veg fyrir hallæri, fje úr sjóðnum.

Skilyrði er þó, að sýslunefndir eða bæjarstjórnir hafi ekki gert samþyktir samkvæmt 11. gr. laganna.

Bjargráðasjóðurinn allur mun nú nema um 400 þús. krónum og árlegar tekjur með rentum 10 þús.

Hjer er því um allmikla fjársöfnun að ræða, sem ætluð er til þess að bæta hag sveitarfjelaganna og hjálpa þeim, einkum er einhver sjerstök áfelli ber að höndum vegna harðinda eða ófyrirsjáanlegs tjóns af völdum náttúrunnar.

Nefndinni hefir hugkvæmst, að sjóður þessi mundi að ýmsu leyti ná eins vel tilgangi sínum með því að leggja hann til ellistyrktarsjóðanna að einhverju eða öllu leyti, og láta þá sjóðinn taka til starfa strax, til þess að ljetta undir með sveitarsjóðunum við framsærslu gamalmenna; myndi sjóðurinn halda áfram að vaxa samt nægilega, þegar hann er orðinn svo stór, sem nú er, þó fylgt yrði reglum ellistyrktarlaganna um úthlutun af tekjum hans.

Þessi ráðstöfun útilokar hinsvegar ekki, að lána mætti fje úr sjóðnum í því augnamiði, er frv. þetta gerir ráð fyrir, og leggur nefndin ekki á móti því, að svo verði gert.

Nefndin leggur því til, að málið verði athugað frá þessari hlið og leit að álits sýslunefndanna fyrir næsta Alþingi, og ber því fram svo hljóðandi

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ráðherra leiti álits sýslunefnda um frv. það, sem fyrir liggur, og það, hvort ekki sje tillækilegt að leggja bjargráðasjóðinn að einhverju eða öllu leyti til ellistyrktarsjóðanna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. maí 1924.

Jón Magnússon,
form.

S. H. Kvaran.

Guðm. Guðfinnsson,
ritari og frsm.